

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 21. nóvember 2022 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 95. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Gerður Aagot Árnadóttir, læknir, hafði boðað óvænt forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 94. fundar (17. október 2022), sem send hafði verið nefndarmönnum í tölvupósti, var samþykkt með stuttri viðbót undir liðnum önnur mál.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu fjórir stuttir orðalistar sem sendir höfðu verið nefndarmönnum í tölvupósti til yfirferðar.

- a) **Stoma - stomy.** Farið var yfir þrjár grunnfærslur úr fyrri umræðu og þær lítilla lagfærðar til birtingar. Langur listi með heitunum stoma og stomy biður hins vegar yfirferðar og afgreiðslu síðar.
- b) **Fibrillation og flutter.** JHJ lagði fram til umræðu stuttan lista (12) með heitunum fibrillation (tif) og flutter (flökt). Skilgreingar fyrirbæranna voru ræddar og gerðar ýmsar athugasemdir. Gengið verður frá þeim og þær birtar í Íðorðabankanum.
- c) **Granulation.** Þá var tekinn fyrir listi (7 færslur) með heitinu „granulation“ í framhaldi af fyrri umræðu um „granuloma“. Var ræddur og ýmsar athugasemdir gerðar. JHJ mun ganga frá breytingum og láta birta færslurnar í Íðorðabankanum.
- d) **Feedback.** Í umræðu á síðasta fundi hafði komið fram ósk um að taka til skoðunar færslur með þessu heiti. Reyndust þær 7 og allar án skilgreiningar. Farið var yfir nýjar tillögur að skilgreiningum og verða færslurnar birtar í Íðorðabankanum.
- e) **Myography.** Í tilefni af nýlegri fyrirspurn hafði verið tekinn saman stuttur listi með þessu heiti (6) og sendur nefndarmönnum til úrvinnslu milli funda. Var hann tekinn til umræðu og tveimur nýjum færslum bætt við. Heitin verða birt á næstunni í Íðorðabankanum

Önnur mál:

Fyrirspurnir sem borist höfðu frá síðasta fundi voru óvenju margar (10-12) og voru þær lítilla kynntar. JHJ hefur svarað öllum einföldum fyrirspurnum jafnóðum en þær flóknari eru teknar til ítarlegrar úrvinnslu og verða bornar undir nefndina.

Næsti fundur. Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður mánudaginn 12. desember 2022. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða með tölvupósti.

Fundi var slitið um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.